
Messur



Guðsþjónustur í Reykjavíkurprófastsdæmi sunnudag 31. jan. 1988.

Árbæjarprestakall: Barnasamkoma í Foldaskóla í Grafarvogshverfi laugardag kl. 11 árdegis. Barnasamkoma í Árbæjarkirkju sunnudag kl. 10.30 árdegis. Guðsþjónusta í Árbæjarkirkju kl. 14. Altarisganga. Organleikari Jón Mýrdal. Sr. Guðmundur Þorsteinsson.

Áskirkja: Barnaguðsþjónusta kl. 11. Guðsþjónusta kl. 14. Sr. Árni Bergur Sigurbjörnsson.

Borgarspítalinn: Guðsþjónusta kl. 10.30. Sr. Tómas Sveinsson.

Breiðholtsprestakall: Barnasamkoma kl. 11 í Breiðholtsskóla. Guðsþjónusta kl. 14 í Breiðholtsskóla. Organisti Daníel Jónasson. Sr. Gísli Jónasson.

Bústaðakirkja: Barnasamkoma kl. 11. Guðrún Ebba Ólafsdóttir og Elín Anna Antonsdóttir. Guðsþjónusta kl. 14, Organisti Guðni Þ. Guðmundsson. Æskulýðsfélagsfundur þriðjudagskvöld. Félagsstarf aldraðra miðvikudagseftirmiðdag. Sr. Ólafur Skúlason.

Digranesprestakall: Barnasamkoma í safnaðarheimilinu við Bjarnhólastíg kl. 11. Guðsþjónusta í Kópavogskirkju kl. 11. Sr. Þorbergur Kristjánsson.

Dómkirkjan: Laugardagur: Barnasamkoma í kirkjunni kl. 10.30. Egill Hallgrímsson. Sunnudagur: Messa kl. 11. Orgelleikur í 20 mín. fyrir messuna. Sr. Hjalti Guðmundsson. Messa kl. 14. Sr. Þórsteinn Ragnarsson prédikar og þjónar fyrir altari ásamt sr. Þóri Stephensen. Leikmenn flytja bænir og ritningarlestra. Sr. Þórir Stephensen. Dómkórinn syngur við báðar messurnar. Organleikari Marteinn H. Friðriksson.

Elliheimilið Grund: Guðsþjónusta kl. 10. Sr. Gylfi Jónsson.

Fella- og Hólakirkja: Guðsþjónustur falla niður vegna framkvæmda við kirkjuna. Sóknarprestar.

Fríkirkjan í Reykjavík: Barnaguðsþjónusta kl. 11. Guðspjallið í myndum. Barnasálmar og smábarnasöngvar. Afmælisbörn boðin sérstaklega velkomin. Framhaldssaga. Við pianóið Pavel Smid. Sr. Gunnar Björnsson.

Grensáskirkja: Barnasamkoma kl. 11. Messa með altarisgöngu kl. 14. Organisti Árni Arinbjarnarson. Sr. Guðmundur Örn Ragnarsson.

Hallgrímskirkja: Laugardagur: Samvera fermingarbarna kl. 10. Barnasamkoma og messa kl. 11. Sr. Karl Sigurbjörnsson. Kvöldmessa kl. 17. Sr. Ragnar Fjalar Lárusson. Þriðjudagur: Fyrirbænaguðsþjónusta kl. 10.30. Beðið fyrir sjúkum. Fimmtudagur: Fundur Kvenfélags Hallgrímskirkju kl. 20.30.

Landspítalinn: Messa kl. 10. Sr. Karl Sigurbjörnsson.

Háteigskirkja: Messa kl. 10. Barnaguðsþjónusta kl. 11. Sr. Arngrímur Jónsson. Messa kl. 14. Sr. Tómas Sveinsson.

Hjallaprestakall í Kópavogi: Barnasamkoma kl. 11 í messusal Hjallasóknar í Digranesskóla. Foreldrar eru hvattir til að fylgja börnunum. Almenn guðsþjónusta kl. 14. í messusalnum. Sóknarfólk er hvatt til þátttöku. Kirkjukór Hjallasóknar syngur. Organleikari og kórstjóri Friðrik V. Stefánsson. Sr. Kristján Einar Þorvarðarson.

Kársnesprestakall: Barnasamkoma í safnaðarheimilinu Borgum kl. 11 árdegis. Guðsþjónusta í Kópavogskirkju kl. 14. Opið hús í safnaðarheimilinu Borgum miðvikudag 3. febrúar kl. 20.30. Sr. Árni Pálsson.

Langholtskirkja: Kirkja Guðbrands biskups. Óskastund barnanna kl. 11. Söngur – sögur – myndir. Þórhallur Heimisson guðfræðinemi og Jón Stefánsson sjá um stundina. Guðsþjónusta kl. 14. Einsöngur Ragnheiður Hall. Organisti Oddný Þorsteinsdóttir. Prestur sr. Sig. Haukur Guðjónsson. Sóknarnefndin.

Laugarnesprestakall: Laugardagur 30. jan.: Guðsþjónusta í Hátúni 10b, 9. hæð kl. 11. Umræðudagur um málefni fjölskyldunnar verður í safnaðarheimili kirkjunnar kl. 13. Sigurður Pálsson, deildarstjóri í Námsgagnastofnun, flytur erindi um uppeldismál en hann mun einnig stýra umræðum. Umræðudeginum lýkur með kaffisopa kl. 15.30. Sunnudagur: Guðsþjónusta fyrir alla fjölskylduna kl. 11. Börnin fá sérstaka fræðslu. Kór Öldutúnsskólans í Hafnarfirði syngur. Mánudagur 1. febrúar: Aðalfundur Kvenfélags Laugarnessóknar verður kl. 20.00 í Safnaðarheimili kirkjunnar. Sóknarprestur.

Neskirkja: Laugardagur: Æskulýðsfundur fyrir 11–12 ára kl. 13. Samverustund aldraðra kl. 15. Mjöll Snæsdóttir fornleifafræðingur segir frá uppgreftri að Stóru-Borg. Sunnudagur: Barnasamkoma kl. 11. Munið kirkjubílinn. Guðsþjónusta kl. 14. Orgel- og kórstjórn Reynir Jónasson. Guðmundur Óskar Ólafsson. Mánudagur: Æskulýðsfélagsfundur kl. 19.30. Þriðjudag og fimmtudag: Opið hús fyrir aldraða kl. 13–17. Miðvikudagur: Fyrirbænamessa kl. 18.20. Guðm. Óskar Ólafsson.

Seljakirkja: Barnaguðsþjónusta kl. 11. Guðsþjónusta kl. 14. Altarisganga. Sóknarprestur.

Seltjarnarneskirkja: Barnaguðsþjónusta kl. 11. Eirný og Solveig Lára. Guðsþjónusta kl. 14. Organisti Sighvatur Jónasson. Prestur sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir. Kaffisopi á eftir. Æskulýðsfélagsfundur mánudagskvöld kl. 20.30. Opið hús fyrir 10–12 ára þriðjudag kl. 17.30. Sóknarprestur.

Kirkja óháða safnaðarins: Guðsþjónusta kl. 11. (Ath. breyttan messutíma). Skírð verða 2 börn. Organisti Heiðmar Jónsson. Þórsteinn Ragnarsson.

Fríkirkjan í Hafnarfirði: Barna- og fjölskyldusamkoma kl. 11. Guðsþjónusta í kirkjunni kl. 14. Guðsþjónusta að Sólvangi kl. 15.15. Orgel- og kórstjórn Örn Falkner. Einar Eyjólfsson.

Hafnarfjarðarkirkja: Sunnudagaskóli kl. 10.30 í Fjarðarseli, munið skólabílinn. Guðsþjónusta fellur niður vegna viðgerða á kirkju. Sr. Gunnþór Ingason.

Stokkseyrarkirkja: Barnamessa kl. 11. Sóknarprestur.

Gaulverjabæjarkirkja: Messa kl. 14. Sóknarprestur.

Nýlistasafnið:

Samsýning fjögurra þekktra listamanna

Fjórmenningarnir, sem um ræðir, eru þeir Alan Johnson, sem býr í Edinborg en sýnir reglulega í Köln, Tokýo og New York en var síðast með sýningu á Orkneyjum, Franz Graf en hann hefur verið meðal mest áberandi ungra listamanna frá Austurríki og sýnt víða, heima og erlendis, Jussi Kivi, sem sýnt hefur víða fyrir Finnland, meðal annars á finnskri samsýningu á Kjarvalsstöðum árið 1986, og Austurríkismaðurinn Wolfgang Stengl sem er vel þekktur fyrir rýmismálverk.

Fjórmenningarnir sýndu þessar myndir í Ganginum, Rekagranda 8, á síðasta ári. Tvær þeirra voru sérstaklega unnar fyrir Ganginn en hinar trúlega hugsaðar fyrir hann og verkin valin í samræmi við það.

Nú hefur verið ákveðið að setja þessar sýningar upp í Nýlistasafninu til að fleiri fái að njóta þeirra og búa til úr þeim eina sýningu.

Sýningin er opin til 14. febrúar, virka daga frá kl. 16–20 og um helgar frá kl. 14–20.



Eitt af þeim verkum sem Franz Graf sýnir í Nýlistasafninu.

Bjarni Þór með sýningu á Skaganum

Bjarni Þór Bjarnason opnar málverkasýningu að Skólabraut 27, Akranesi, á morgun, 30. janúar, kl. 16.00. Á sýningunni verða um 20 myndir, teikningar, olíukrít- og olíumálverk.

Bjarni Þór stundaði nám í kennaradeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands og Myndlistaskólanum í Reykjavík. Hann hefur áður haldið tvær einkasýningar og tekið þátt í tveimur samsýningum.


Glugginn:

Ragna Róbertsdóttir sýnir

Í kvöld klukkan 21.00 opnar Ragna Róbertsdóttir sýningu í Glugganum, Glerárgötu 31, Akureyri. Ragna fæddist í Reykjavík 1945 og útskrifaðist úr Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1970 og stundaði framhaldsnám við Konstfac í Stokkhólmi 1970–1971.

Ragna hefur alla tíð fengist við textíl, í fyrstu á hefðbundinn hátt en nú í seinni tíð hefur hún getið sér gott orð fyrir nýstárlega skúlptúra sem eru á þessari sýningu.

Ragna hefur sýnt reglulega frá 1974 bæði hér heima og erlendis.



Borgarlistamaður Reykjavíkurborgar, Ragna Róbertsdóttir, sýnir á Akureyri.

Hún var valin borgarlistamaður Reykjavíkurborgar 1987.

Sýning Rögnu er opin daglega nema á mánudögum frá kl. 14.00-18.00. Henni lýkur sunnudaginn 7. febrúar.

Tilkynningar

Laugardagsganga Hana nú

Vikuleg laugardagsganga frístundahópsins Hana nú í Kópavogi verður á morgun, laugardaginn 30. janúar. Lagt af stað frá Digranesvegi 12 kl. 10. Samvera, súrefni og hreyfing. Reynið einfalt frístundagaman í góðum félagsskap á þorranum. Nýlagað molakaffi.

Húnvetningafélagið

Spiluð verður félagsvist laugardaginn 30. janúar kl. 14 í félagsheimilinu, Skeifunni 17. Parakeppni. Allir velkomnir.

Neskirkja – félagsstarf aldraðra

Samverustund á morgun, laugardag, kl. 15 í safnaðarheimili kirkjunnar. Mjöll Snæsdóttir fornleifafræðingur segir frá fornleifauppgrefti að Stóruborg.

Bandalag kvenna í Hafnarfirði

heldur ráðstefnu um umferðarmál og öryggi í umferðinni laugardaginn 30. janúar kl. 10–15 í félagsálmu íþróttahússins við Strandgötu í Hafnarfirði. Ráðstefnan er öllum opin og er fólk beðið að tilkynna þátttöku í síma 53510 (Hjördís Þorsteinsdóttir) og 50919 (Sjöfn Magnúsdóttir) vegna þess að áríðandi er að vita nokkurn veginn hve ráðstefnugestir verða vegna máltíðar í hádegi.

Barn sem fleygir sér á gólfið í kjörbúð og æpir þarf ekki að vera illa upp alið. Það gæti verið einhverft

Markmið Umsjónarfélags einhverfra barna er að kynna málefni þessara barna með útgáfu bæklingsins í tilefni 10 ára afmælis félagsins, og mun honum vera dreift sem víðast.

Foreldrar nokkurra einhverfra barna og starfsfólk, sem fékkst við að leysa þeirra mál, stofnuðu félagið 1977.

Það hefur sýnt sig að með skipulagðri þjálfun og kennslu er hægt að ná ótrúlegum árangri.

Með vaxandi skilningi á umhverfi sínu líður einhverfum börnum betur. Þau bregðast við á jákvæðari hátt og auka möguleika sína á tengslum við annað fólk.



Listasafn Íslands.

Listasafn Í

Opnuna

Laugardaginn 30. janúar verður safnabygging Listasafns Íslands að Fríkirkjuvegi 7 vígð við hátíðlega athöfn. Við þetta tækifæri flytja ávörp Guðmundur G. Þórarinsson, formaður byggingarnefndar safnsins, Birgir Ísleifur Gunnarsson menntamálaráðherra og Bera Nordal, forstöðumaður safnsins. Forseti Íslands, frú Vigdís Finnbogadótt-

Kjarvalss

Sjálfsm íslenskra li

Flestallir listamenn hafa einhvern tímann á ferlinum litið í spegil og fest eigin ásjónu á mynd. Margir hafa þó gert það sem æfingu eða með þeim ásetningi einum að ná andlitssvipnum. Aðrir, og þeir eru mun færri, hafa unnið markvisst og gert með reglulegu millibili raunverulegar sjálfsmyndir sem eru afgerandi hluti af sköpun og frumleika viðkomandi listamanna.

Sunnudaginn 31. þessa mánaðar verður



Einhverf börn hafa takmarkað mál eða tala alls ekki.

Einhverf börn leika sér ekki eins og önnur börn, en endurtaka sífellt einhæfar athafnir.

Einhverf börn skynja ekki hættur og þurfa því stöðuga umsjón.

Einhverf börn þola afar illa breytingar á umhverfi og daglegu lífi.